

### 3. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2019-2020

Mánudaginn 2. september kl. 18:00 var haldinn þriðji fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins í Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanna Guðbjargar Guðmundsdóttur og Guðna B. Guðnasonar.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ sat fundinn.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

#### Dagskrá:

##### 1. Afmæli félagsins

Hundaræktarfélag Íslands var stofnað 4. september 1969 og er því 50 ára um þessar mundir. Af því tilefni verður afmælisganga næsta laugardag, 7. september, frá Hlemmi að Hljómskálagarði. Um kvöldið verður galakvöld þar sem félagar í HRFÍ munu fagna tímamótunum saman. Sigrún Guðlaugardóttir og Svana Runólfsdóttir, sem sjá um skipulagningu kvöldsins, kynntu dagskrána fyrir stjórninni en sala á miðum gengur vel.

##### 2. Vinnuviljapróf siberian husky (fylgiskjal 1)

Stjórn Siberiah Husky deildar HRFÍ hefur hug á að taka upp sleðahundapróf fyrir siberian husky á Íslandi og kom Ólöf Gyða Risten fyrir hönd stjórnar deildarinnar til að kynna framkomnar hugmyndir.

Deildin hefur hugmyndir um samstarf við Sleðahundaklúbb Íslands. Markmið með sleðahundaprófum fyrir siberian husky er að virkja fleiri í deildinni, fá fleiri til að taka þátt í dráttarsporti með hunda sína og jafnvel fá möguleika á vinnuhundaflokki fyrir siberian husky á hundasýningum félagsins.

Deildin hefur horft til Finnlands varðandi skipulagningu prófa, þ.e. að hafa prófið tvískipt, annars vegar vinnuviljapróf og hins vegar keppnishluta. Deildin hefur einnig horft til Bandaríkjanna varðandi fyrirkomulag keppnishluta prófsins.

Stjórn HRFÍ fagnar frumkvæði deildarinnar. Deildin er hvött til að skipuleggja og sækja um opinn viðburð fyrir vinnuviljapróf siberian husky. Þannig viðburður myndi byggjast á reglum sem verða þýddar og svo betur útfærðar og aðlagðar að fengnu samráði við klúbbinn í Finnlandi.

3. Samþykkt milli funda:


a. Undanþága fyrir fulltrúa HRFÍ á veiðiprófi (fylgiskjöl 2 og 3)

Óskað var eftir undanþágu fyrir fulltrúa HRFÍ á veiðiprófi DESÍ 7. og 8. september n.k. þar sem enginn veiðiprófadómari hefur tök á að vera fulltrúi félagsins þessa helgi. Að fenginni umsögn dómarráðs var beiðnin samþykkt.

4. Umsókn um félagsaðild (fylgiskjal 4)


Stjórn tók fyrir beiðni um félagsaðild í því skyni að kanna skilyrði 5. greinar laga félagsins og var ákveðið að óska eftir heimild viðkomandi til öflunar frekari upplýsinga.

Fundi slitið 20:22

  
Þorsteinn Thorsteinsson

  
Auður B. Gunnarson

  
Auður Sif Sigurgeirsdóttir

  
Auðbjörg Guðmundsdóttir